

Ed.

200. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir rætt mál þetta á nokkrum fundum og borið það undir skipaskoðunarstjóra, sem einnig hefir mætt á fundi til viðræðu um málið. Nefndin er öll á þeirri skoðun, að breytinga sé þörf á gildandi löggjöf um eftirlit með skipum, en viðhorf einstakra nefndarmanna um það, hvaða breytingar skuli gerðar, er mjög mismunandi. Samkomulag gat því ekki orðið í nefndinni, á hvern hátt málið skyldi afgreitt. Minni hl. (JJós) vill vísa því til stjórnarinnar til frekari athugunar. Á þessa lausn gat meiri hl. ekki fallið. Hann telur, að málið sé nægilega undirbúið og fullkomin nauðsyn sé á því, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, með þeim breytingum, sem meiri hl. vill á því gera og samkomulag hefir orðið um að bera fram. Ingvar Pálmason mun bera fram fleiri breytingartillögum undir meðferð málsins í deildinni.

Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað „skoðunarstjóra“ í 1. efnismálsgr. komi: skipaskoðunarstjóra.
2. Við 5. gr. Í stað „3 ára“ í næstsíðustu málsgr. komi: 4 ára.
3. Við 6. gr.
 - a. b-liður orðist svo:

Á öllum farþega- og flutningaskipum einu sinni á ári. Í tilskipun eða reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. laganna, skal ákveðið, hver skip teljast farþega- og flutningaskip.
 - b. c-liður orðist svo:

Á öllum fiskiskipum, sem byggð eru úr járni eða stáli og eru yfir 20 ára gömul, og skipum, sem byggð eru úr öðru efni og eldri eru en 25 ára, einu sinni á ári. Á öðrum skipum annaðhvert ár.
4. Við 7. gr.
 - a. 1. efnismálsgr. orðist svo:

Haffærisskirteini gildir um farþega- og flutningaskip og fiskiskip, sem árlega eru skoðunarskyld, í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip um tvö ár frá sama tíma.
 - b. Í stað „45“ í 2. efnismgr. komi: 60.
5. Við 8. gr. Í stað síðustu málsgr. kemur:

Nú fer fram flokkun (klössun) á skipi, sem er eldra en 16 ára, innanlands, og er skipaskoðunarstjóra þá skylt að hafa eftirlit með flokkuninni. Heimilt er honum að setja hæfan mann í sinn stað til eftirlitsins. Kostnaður, sem af slíku eftirliti leiðir, greiðist af skipseiganda.

Nú fer fram flokkun á skipi erlendis, og er skipseiganda þá skylt að láta skipaskoðunarstjóra í té nákvæma skýrslu yfir viðgerð skipsins, strax að verkinu loknu.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

29. gr. laganna, er verði 31. gr., orðist svo:

Öll íslensk skip, sem eru í förum milli Íslands og annara landa, svo og öll fiskiskip, sem sigla til útlanda, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskirteini samkvæmt reglum alþjóðasamþykktar, gerðrar í London 5. júlí 1930, eða þeim, er síðar kunna að verða gerðar.

Atvinnumálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um mælingar og skoðun, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja.

Ráðherra er ennfremur heimilt að setja með reglugerð fyrirmæli til öryggis gegn ofhleðslu islenzkra fiskiskipa við strendur landsins.

Kostnaður við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur.

7. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

32. gr. laganna, er verði 33. gr., orðist svo:

Auk hleðslumerkja, sem um getur í 12. gr. (31. gr.), skal marka á fram- og afturstefni allra skipa, sem hleðslumerkjaskyld eru, mælikvarða í desimetrum annarsvegar en í enskum fetum hinsvegar, er sýni, hve djúpt skipið liggir í sjó. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir skipseigandi.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Ingvar Pálmason,
form.

Sigurjón Á. Ólafsson,
fundaskr., frsm.